

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II . HLUTI

Kennari: Lúðvík Þráinsson

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Greining ársreikninga.....

Prófdagur: 28. janúar 2012..... Kl.: ..09.00-13.00.....

Úrlausnartími: 4... klst. Prófbloð: ...8 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Engin leyfileg hjálpargögn **Fylgiblöð:** Kennitölublað
Netnotkun er óheimil. Tölulegar upplýsingar
einnig rafrænt með
prófinu.

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

**Prófið fer fram í tölvustofu og er úrlausnum skilað á rafrænu formi.
Sjá nánar meðfylgjandi leiðbeiningar um skil á prófi.**

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

**GÆTID ÞESS AÐ ÖLL BLÖÐ OG SKJÖL MEÐ ÚRLAUSNUM SÉU TRYGGILEGA
AÐKENND MEÐ PRÓFNÚMERI.**

**PASSAÐU AÐ MERKJA SVÖR VIÐ HVERRI SPURNINGU GAUMGÆFILEGA OG SÝNA
ALLA ÚTREIKNINGA. LITAÐU EXCEL REITI SEM INNIHALDA SVÖR GULA.**

VANDAÐU FRÁGANG OG GANGI ÞÉR VEL.

Verkefni 1 (67 mín. 28%) - Krossaspurningar

Merkið við eitt rétt svar með því skrá viðkomandi bókstaf við hlið númers spurningarinnar í excel skjalinu. Nota skal 360 daga á ári þar sem það á við. Hver spurning gildir 2% og aðeins eitt rétt svar er við hverri spurningu. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. (2%) Sámur ehf. var stofnað þann 1. janúar 2009. Árið 2009 var hagnaður af rekstri félagsins kr. 400.000 og þann 1. ágúst 2009 var hlutafé aukið um kr. 600.000. Hagnaður ársins 2010 var kr. 700.000 og þann 1. maí 2010 var greiddur út arður að fjárhæð kr. 300.000. Eigið fé félagsins þann 31. desember 2010 var kr. 2.300.000. Hvert var upphaflegt hlutafé félagsins þegar það var stofnað ?

- a) 1.100.000
- b) 300.000
- c) 1.400.000
- d) 900.000
- e) Ekkert af ofangreindu

2. (2%) Hvaða kennitala lýsir best hæfi fyrirtækis til að mæta mótbyri í rekstri ?

- a) Veltufjárhlutfall
- b) EBITDA
- c) Arðsemi eigin fjár
- d) Eiginfjárhlutfall

3. (2%) Þegar upphafsbirgðir eru vanmetnar, þá er :

- a) Kostnaðarverð seldra vara ofmetið og hagnaður vanmetinn
- b) Sala vanmetin og hagnaður vanmetinn
- c) Álagning vanmetin og hagnaður vanmetinn
- d) Kostnaðarverð seldra vara vanmetið og hagnaður ofmetinn

4. (2%) Í ársbyrjun námu eignir Emblu ehf. kr. 989.989 og eigið fé var kr. -454.545 (neikvætt). Á árinu lækkuðu eignir um kr. 87.987 og eigið fé hækkaði um kr. 35.858. Hverjar voru skuldir í árslok :

- a) 123.845
- b) 1.444.534
- c) 1.320.689
- d) 418.687
- e) Ekkert af ofangreindu

5. (2%) Sú hámarksfjárhæð sem hægt er að greiða út í arð í hlutafélagi er :

- a) Óráðstafað eigið fé í upphafi þess árs sem arður er greiddur
- b) Hagnaður ársins
- c) Sú fjárhæð sem eigandinn skuldar félaginu
- d) Eigið fé
- e) Ekkert af ofangreindu

6. (2%) Simmi ehf. á 100% í Samma ehf. Sammi ehf. á 40% í Summa ehf. Summi ehf. á 10% í Hemma ehf. og Sammi ehf. á 5% í Hemma ehf. Sammi ehf. ætti því að flokka hlutabréf sín í Hemma ehf. sem :

- a) Hlutabréf í öðrum félögum
- b) Dótturfélag
- c) Hlutdeildarfélag
- d) Markaðsverðbréf

7. (2%) Biðtími birgða hjá Kröflu ehf. var 40 dagar á árinu 2011. Meðalstaða birgða var kr. 4.600.000. Kostnaðarverð seldra vara á árinu 2011 var því kr. :

- a) 184.000.000
- b) 44.100.000
- c) 115.000
- d) 511.111
- e) Ekkert af ofangreindu

8. (2%) Dæmi um lið sem er **ekki** meðal eigin fjár er :

- a) Óráðstafað eigið fé
- b) Lögbundinn varasjóður
- c) Þýðingarmunur vegna erlendra dótturfélaga
- d) Hlutafé
- e) Ekkert af ofangreindu

9. (2%) Sunna ehf. þurfti að taka yfirdráttarlán á árinu. Í sjóðstreymi myndi yfirdrátturinn sjást undir :

- a) Rekstrarhreyfingum
- b) Fjárfestingahreyfingum
- c) Fjármögnunarhreyfingum
- d) Myndi ekki sjást í sjóðstreymi

10. (2%) Aukin og hraðari innheimta viðskiptakrafna bætir veltufjárlutfall.

- a) Rétt
- b) Rangt

11. (2%) Arðsemi eigin fjár hjá Pakka ehf. var 14% á árinu 2011 og eigið fé var kr. 600.000 í upphafi ársins 2011. Þann 1. apríl 2011 var greiddur út arður að fjárhæð kr. 300.000. Hagnaður félagsins árið 2011 var því kr. :

- a) 84.000
- b) 52.500
- c) 73.500
- d) 63.000
- e) Ekkert af ofangreindu

12. (2%) Ef endurskoðandi er ekki sammála forsvarsmönnum fyrirtækis um matsaðferðir varðandi vörubirgðir félags og um er að ræða verulegt frávik þá er líklegt að áritun hans á reikningsskilin verði :

- a) Fyrirvaralaus áritun
- b) Áritun með fyrirvara
- c) Áritun án álits
- d) Neikvætt álit

13. (2%) Tekjuskattsprósentan 20% (árið 2011) á við um :

- a) Alla lögaðila
- b) Lögaðila með takmarkaða ábyrgð
- c) Hf., ehf., sf., slf og útibú erlendra félaga
- d) Ekkert af ofangreindu

14. (2%) EBITDA hjá Pelsinum ehf. var kr. 60.000 og afskriftir námu kr. 10.000. Hver var rekstrarhagnaður fyrirtækisins ?

- a) 60.000
- b) 50.000
- c) 70.000
- d) 120.000
- e) Ekkert af ofangreindu

Verkefni 2 (53 mín. 22%) - Textaspurningar

Leitað er eftir stuttum og hnitmiðuðum svörum. Hafið í huga þau tímamörk sem hverri spurningu eru sett.

a) 4%

Varkárnisreglan er ein af meginreglum reikningshaldsins. Útskýrið hana og nefnið 2 dæmi um notkun hennar.

b) 3%

Hvernig verður tekjuskattsskuldbinding til ?

c) 4%

Hverjir eru hinir þrír meginkaflar sjóðstreymis og hvernig tengist hver þeirra rekstrar- og efnahagsreikningi, þ.e. úr hvaða köflum rekstrar- og efnahagsreiknings koma tölurnar sem notaðar eru í hverjum kafla sjóðstreymis ?

d) 3%

Skilgreinið hugtökin rekstrargrunnur og greiðslugrunnur.

e) 4%

Fyrirtæki geta sótt um leyfi til ársreikningaskrár til að færa bókhald sitt í erlendri mynt ef þau uppfylla a.m.k. eitt af fjórum skilyrðum. Nefnið tvö þessara skilyrða.

f) 4%

Fyllið inn í eftirfarandi töflu viðeigandi áritun endurskoðanda á endurskoðuð reikningsskil (þ.e. heiti áritunarinnar). Taflan er inni í excel skjalinu.

1	Reikningsskilin gefa villandi mynd af fjárhagsstöðu		
2	Mikil óvissa og takmarkanir á vinnu endurskoðandans		
3	Ágreiningur um einhvern afmarkaðan lið reikningsskilanna		
4	Reikningsskilin gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu		

Verkefni 3 (14 mín 6%)

Salan hjá Selsvík var kr. 4.800 árið 2011 og var meðalálagning 65%. Annar rekstrarkostnaður var kr. 600, vaxtatekjur voru kr. 100 og vaxtagjöld kr. 300. Hagnaðarhlutfall var 16,5%. Tekjuskattur var 20% og afskriftir eru afgangstala.

Setjið upp rekstrarreikning ársins 2011 fyrir Selsvík.

Verkefni 4 (33 mín. 14%)

Hér að neðan er efnahagsreikningur Bala ehf. þann 31. desember 2011 (fjárhæðir í milljónum króna).

Eignir		Skuldir og eigið fé	
<u>Fastafjármunir</u>		<u>Eigið fé</u>	
Fasteignir	200	Hlutfé	20
Vélar og tæki	80	Annað eigið fé	110
Viðskiptavild	300		130
Skuldabréf á gamla Landsbankann	80		
	660		
		<u>Langtímaskuldir</u>	
<u>Veltufjármunir</u>		Skuldabréfalán	700
Birgðir	400		700
Viðskiptakröfur	300		
Handbært fé	50	<u>Skammtímaskuldir</u>	
	750	Viðskiptaskuldir	200
		Næsta árs afborganir	110
		Yfirdráttur	150
		Aðrar skammtímaskuldir	120
			580
Eignir alls	1410	Skuldir og eigið fé	1410
Úr sjóðstreymi : Handbært fé frá rekstri kr. 80.			

- Hvað er rekstrarhæfi ? Nefnið einnig 2 ófjárhagslega fyrirboða sem geta ógnað því. (3%)
- Nefnið 4 atriði sem gætu hugsanlega ógnað rekstrarhæfi Bala ehf. miðað við ofangreindan efnahagsreikning. (8%)
- Nefnið 3 matskennda liði í efnahagsreikningi Bala ehf. og hvers vegna eru þeir matskenndir ? (3%)

Verkefni 5 (72 mín. 30%)

Meðfylgjandi eru tölur úr ársreikningum þriggja félaga. Verkefni þitt er að leggja mat á hvaða fjárfestingarkostur er bestur og til þess skal nota hjálp hinna ýmsu kennitalna. Það sem verið er að leita að er rökstuðningur fyrir þeim kosti sem þú myndir velja og skaltu vísa í þá útreikninga á kennitölum sem þú gerir. Einnig skal benda á a.m.k. 4 hættumerki og/eða athugaverð atriði sem þú verður var við. Gerið ráð fyrir því þegar nota þarf “meðalstöðu” í liðum v., vi. og vii að fjárhæðin í upphafi ársins sé sú sama og í lok ársins. Enginn arður var greiddur á árinu hjá félögunum og ekki urðu breytingar á hlutafé þeirra á árinu.

Verkefni þitt er :

- a. Reikna út fyrir árið 2011 fyrir öll félögin kennitölurnar (20%)
 - i. Meðalálagning
 - ii. Eiginfjárhlutfall
 - iii. Veltufjárhlutfall
 - iv. Lausafjárhlutfall
 - v. Biðtíma birgða
 - vi. Innheimtutíma krafna
 - vii. Veltuhraða eigna
 - viii. EBITDA
 - ix. Arðsemi eigin fjár
 - x. EBITDA margfaldarann ($V/EBITDA$)
 - xi. V/H hlutfall
 - xii. Markaðsverðmæti
 - xiii. Q-Hlutfall
 - xiv. Endurgreiðslutími skulda með handbæru fé frá rekstri
 - xv. EBITDA / sala
- b. Mæla með kaupum á einu fyrirtæki út frá greiningunni í a-lið og hugsanlega fleiri liðum. Rökstyðjið þann kost sem þið veljið. Nefna einnig 4 hættumerki og/eða athugaverð atriði sem þú verður var við. (10%)

Rekstrarreikningur ársins 2011					
			Birkir	Viðir	Reynir
Sala			57.200	51.600	39.600
Kostnaðarverð seldra vara			(27.800)	(24.500)	(18.500)
Rekstrargjöld, önnur en afskriftir			(20.400)	(18.400)	(14.000)
Afskriftir			(800)	(2.600)	(1.000)
Vextir			(1.000)	(2.300)	(200)
Skattar			(1.200)	(900)	(1.400)
Hagnaður ársins			6.000	2.900	4.500
Efnahagsreikningur 31. desember 2011					
Eignir			Birkir	Viðir	Reynir
Fastafjármunir:					
Varanlegir rekstrarfjármunir			46.000	35.000	24.000
Óefnislegar eignir			9.000	5.000	22.000
			55.000	40.000	46.000
Veltufjármunir:					
Birgðir			24.000	15.000	11.000
Viðskiptakröfur			13.000	15.000	12.000
Handbært fé			5.000	7.000	7.000
			42.000	37.000	30.000
Eignir samtals			97.000	77.000	76.000
Eigið fé og skuldir			Birkir	Viðir	Reynir
Eigið fé:					
Hlutfé			3.000	4.000	3.000
Annað eigið fé			42.000	38.000	33.000
			45.000	42.000	36.000
Skuldir:					
Langtímaskuldir			16.000	13.000	23.000
Næsta árs afborganir			(4.000)	(1.500)	(6.000)
			12.000	11.500	17.000
Ýmsar skammtímaskuldir			36.000	22.000	17.000
Næsta árs afborganir			4.000	1.500	6.000
			40.000	23.500	23.000
Skuldir samtals			52.000	35.000	40.000
Eigið fé og skuldir samtals			97.000	77.000	76.000
Markaðsgengi			35	15	16
Úr sjóðstreymi					
Handbært fé frá rekstri			4.600	5.200	2.800